

Bréf sent til kjötafurðastöðva og samtaka þeirra

Reykjavík, 19. nóvember 2024
Tilv.: 2411009

Efni: Undanþáguheimildir búvörlaga – áhrif dóms Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 2024.

- Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 18. þessa mánaðar í máli nr. [E-4202/2024](#), *Innes ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*, er komist að þeirri niðurstöðu að nýlegar undanþágur frá samkeppnislögum, sem heimila kjötafurðastöðvum (framleiðendafélögum) að sameinast og hafa tiltekið samráð sín á milli, stríði gegn stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands og hafi því ekki lagagildi. Umræddar undanþágur voru heimilaðar með lögum nr. 30/2024, um breytingu á búvörlögum, nr. 99/1993, sem samþykkt voru á Alþingi 21. mars sl. Samkvæmt 4. gr. laganna skyldu þau taka þegar gildi og voru þau birt í Stjórnartíðindum 5. apríl 2024.
- Samkeppniseftirlitið hefur nú til athugunar hvernig bregðast skuli við dómi héraðsdóms.

Nánar um lagabreytingarnar

- Með lögum nr. 30/2024 var nýrri grein, 71. gr. A, bætt við búvörlög. Samkvæmt henni var svokölluðum framleiðendafélögum heimilað að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli afurðastöðva að því er varðar framleiðslu einstakra kjötafurða og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötvara.
- Með breytingalögum var jafnframt kveðið á um skilgreiningu á framleiðendafélögum sem heimilt væri að nýta sér undanþáguna. Til þeirra skyldu aðeins teljast félög eða samtök félaga sem væru fyrstu framleiðendur kjötafurða og afleiddra afurða og önnuðust slátrun og/eða vinnslu kjötafurða og afleiddra afurða. Ekki var gerð krafa um tiltekið félagaform, en áskilið að skýrt væri tekið fram í samþykktum viðkomandi félags að tilgangur þess væri að starfa sem framleiðendafélag til samræmis við ákvæði 71. gr. A.

Nánar um dóm héraðsdóms

- Tildrög dómsmálsins voru þau að Innes ehf. beindi 8. júlí sl. þeirri kröfu til Samkeppniseftirlitsins að eftirlitið gripi til íhlutunar gagnvart framleiðendafélögum sem hefðu í hyggju að sameinast eða hafa með sér samráð á grundvelli nýrra undanþáguheimilda frá búvörlögum. Byggði Innes á því að Samkeppniseftirlitið væri óbundið af nýsettum undanþáguheimildum þar sem þær gengju gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.
- Samkeppniseftirlitið taldi óhjákvæmilegt að hafna kröfu Inness á þeim forsendum að það væri ekki í valdi þess að leggja mat á stjórnskipulegt gildi laga. Því væri eftirlitið bundið af umræddum undanþáguheimildum búvörlaga. Hafnaði Samkeppniseftirlitið því að taka erindi Inness til meðferðar með ákvörðun 26. júlí 2024. Vegna þessa höfðaði Innes mál á hendur Samkeppniseftirlitinu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og krafðist þess að fyrrgreind ákvörðun eftirlitsins yrði ógilt.



7. Í dómi héraðsdóms er tekið til umfjöllunar hvort frumvarp það sem varð að lögum nr. 30/2024 hafi uppfyllt 44. gr. stjórnarskrárinnar, en samkvæmt ákvæðinu má ekkert lagafrumvarp samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. Í dómi héraðsdóms eru raktar ítarlega þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu í meðförum Alþingis. Síðan segir í dóminum:

„Þegar horft er til þessara gagngeru breytinga sem gerðar voru á frumvarpi matvælaráðherra blasir við sú ályktun að í raun hlaut frumvarpið, sem útbýtt var á Alþingi 14. nóvember 2023, einungis eina umræðu á Alþingi sem fram fór 21. nóvember sama ár. Annað eðlisólíkt frumvarp í samræmi við tillögur atvinnuveganefndar var svo rætt við tvær umræður, 20. og 21. mars 2024. Áskildum fjölda umræðna samkvæmt 44. gr. stjórnarskrárinnar var þannig ekki náð. Sú breyting sem gerð var á búvörulögum og samþykkt var á Alþingi 21. mars og gefin út sem lög nr. 30/2024 5. apríl 2024, var ekki sett á stjórnskipulegan hátt þar sem hún stríðir gegn stjórnarskrá og hefur af þeim sökum ekki lagagildi.“

8. Í niðurstöðu dómsins felst því að umræddar breytingar á búvörulögum og undanþáguheimildir sem Alþingi afgreiddi á vordögum samræmdust ekki stjórnskipunarlögum og öðluðust því ekki lagagildi. Vegna þessa gilda samkeppnislög því fullum fetum um samstarf og samruna kjötafurðastöðva. Af þessu leiðir að framleiðendafélög/kjötafurðastöðvar hafa ekki notið neinnar undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga.

Fyrirmæli og upplýsingaöflun

9. Samkeppniseftirlitið hefur nú til athugunar hvernig bregðast skuli við dómi héraðsdóms. Í því sambandi vekur eftirlitið athygli á því að samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við öllum samningum og samþykktum milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltum aðgerðum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún takmörkuð eða henni raskað. Í 12. gr. samkeppnislaga er bann lagt við því að samtök fyrirtækja ákveði samkeppnishömlur eða hvetji til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögnum. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. sömu laga teljast samningar sem brjóta í bága við bann 10. eða 12. gr. ógildir.
10. Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga skal tilkynna Samkeppniseftirlitinu um alla samruna sem uppfylla veltumörk laganna áður en þeir koma til framvæmda og veita allar nauðsynlegar upplýsingar um slík viðskipti með samrunatilkynningu. Jafnframt er lagt bann við því að samruni komi til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann, sbr. sama ákvæði.
11. Með vísan til dóms héraðsdóms og ákvæða samkeppnislaga sem hér eru rakin, er því hér með beint til fyrirtækisins að stöðva þegar í stað hvers konar aðgerðir eða háttsemi sem farið getur gegn 10. gr., 12. gr. eða 17. gr. a. samkeppnislaga og stofnast hefur til á grundvelli ákvæða í lögum nr. 30/2024. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvort fyrirtækið, eða fyrirtæki í eigu þess, hafi verið skilgreint sem framleiðendafélag í skilningi laga nr. 30/2024. Sé svo, er með heimild í 19. gr. samkeppnislaga óskað eftir samþykktum viðkomandi félags.
12. Hafi fyrirtækið ráðist í samruna eða hvers konar samstarf á grundvelli heimilda sem kveðið var á um í lögum nr. 30/2024, er lagt fyrir fyrirtækið að varðveita allar upplýsingar og gögn sem varpa ljósi á þá háttsemi sem í hlut á. Í því sambandi er vakin athygli á því að það getur varðað fyrirtæki stjórnvaldssektum og einstaklinga refsingu að koma undan eða gera á annan hátt



ónothæf gögn sem hafa þýðingu fyrir rannsóknir Samkeppniseftirlitsins, sbr. i-lið 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 41. gr. b. samkeppnislaga.

13. Ennfremur er fyrirtækinu að öðru leyti gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sem nýtast kunna við athugun Samkeppniseftirlitsins á því hvernig bregðast skuli við dómi héraðsdóms. Frestur til að svara erindi þessu er veittur til mánudagsins 25. nóvember nk.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið